

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/76/25

frá 27. mars 2006

um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum(*)

(tilkynnt með númeri C(2006) 899)

(2006/252/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 um að ákveða málsmeðferð Bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 2232/96 er mælt fyrir um aðferðir við setningu reglna að því er varðar bragðefnin sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í matvælum. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að samþykkt verði bragðefnaskrá („skráin“) í kjölfar tilkynningar aðildarríkjanna um skrá yfir bragðefni sem nota má í eða á matvælum sem eru seld á yfirráðasvæði þeirra og byggð er á athugun framkvæmdastjórnarinnar á þeirri tilkynningu. Skráin var samþykkt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB⁽²⁾.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 2232/96 er enn fremur kveðið á um áætlun um mat á bragðefnum til að kanna hvort þau eru í samræmi við almennar viðmiðanir um notkun bragðefna sem eru settar fram í viðaukanum við þá reglugerð.
- 3) Sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum (JECFA) komst að þeirri niðurstöðu á 65. fundi sínum 7.–16. júní 2005 að asetamíð (FL 16.047) valdi augljóslega krabbameini í bæði músum og rottum

og þótt ekki sé vitað hvernig æxlin myndast má ekki líta fram hjá hugsanlegu gangvirki erfðaeiturhrifa. Sameiginlega sérfræðinganefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé rétt að nota slíkt efnasamband sem bragðefni. Asetamíð samrýmist því ekki almennu viðmiðuninum sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2232/96 og skal fella það brott úr skránni.

- 4) Breyta ber ákvörðun 1999/217/EB til samræmis við þetta.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í A-hluta viðaukans við ákvörðun 1999/217/EB falli brott línan í töflunni fyrir efnið með FL-númeri 16.057 (asetamíð).

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. mars 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 91, 29.3.2006, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 30.11.2006, p. 25.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 299, 23.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2005/389/EB (Stjtið. ESB L 128, 21.5.2005, bls. 73).